

3. fundur Afréttarmálanefndar Hrunamannahrepps

3. fundur Afréttarmálanefndar var haldinn 12. október 2022 í Ráðhúsi Hrunamannahrepps kl. 9:00.

Á fundinn mættu Björgvin Ólafsson, formaður, Atli Geir Scheving og Þórmundur Smári Hilmarsson, sem ritaði fundargerð. Auk þess sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri.

Hér var gengið til dagskrár:

- Formaður fór yfir fjallferð og réttir.
Fé fór á afrétt frá 13. bæjum , um 3750 hausar ca. fóru á fjall þetta árið. Auk 43 fjallmanna. Smalað var í einmuna veðurbliðu og allt gekk vel.
- Fjallskilagjald og fjárhagsáætlun 2023
Nefndin leggur til við sveitarstjórn að fjallskilagjald hækki sem nemur hækkun neysliverðsvísitölu síðastliðins árs.

Rætt um aðra liði fjárhagsáætlunar.
- Vegamál.
Framlag Vegagerðarinnar til afréttarvega nam 1.5 m.kr. Mótframlag sveitarfélagsins nam öðru eins. Í vor var heflað inn í Svínaárnes og borið í hvörf á veginum.

Nefndin hefur áhyggjur af mikilli og þungri umferð um Tungufellsdal, þá sérstaklega á viðkvæmum tímum.

Nefndin hvetur sveitarstjórn til að leita leiða til að gera úrbætur á afréttarvegi og fullnýta þá fjármuni sem voru ætlaðir í verkið 2022.
- Fjallaskálar
Rætt um ástand fjallaskála á afréttinum og framkvæmdir sem þar hefur verið ráðist í. Ljóst er að ástand fjallaskála er mjög slæmt og þarfnast þeir verulega endurbóta með tilheyrandi kostnaðar. Nú hefur verið samþykkt deiliskipulag fyrir afréttinn sem gerir ráð fyrir lóðum í kringum 5 fjallaskálana. Nefndin telur æskilegt að umræddar lóðir verði auglýstar lausar til úthlutunar í samræmi við lög þar um og að í auglýsingu verði gert ráð fyrir nýtingu fjallmanna á því húsnæði sem þar mun rísa.

Fleira ekki gert og fundi slitið 9:53